

— Þetta skerandi gjálfur um „skilning og trú“,  
er öll skynsemi í útlegð var send—  
þegar írjálsustu menn urðu fordæðu hjú,  
sett í fangelsi, þínd eða brend!

Ó þú boghvelfing blá, þú sem helköld og há  
lítur hljóð yfir tímanna spil,  
meður lotning og þrá horfi eg list þína á,  
en þú líffgar ei hjarta míns yl.

Því að sjálf ertu jarðsett, og sjálf ertu dauð:  
Ó, þú sagnríka skjöldunga hof!  
Upp í ómælis tótleikann teygir þú snauð  
þína turna við skýjanna rof!

Nú er hálf þumlungs smáblómið himninum nær  
báðum háturum þínum við ský;  
nú er hjartaslag barnsins ei hæðunum fjær  
en þeir há söngvar kór þínum í.

Hvorki Valdemar, Absalon, Pétur né Páll,  
hvorki prestar né levíta fjöld,  
hvorki vegur né vald, enginn vízkunnar Njáll,  
getur vakið upp steindauða öld!

Þú munt fara sem Hleiðra, sem hvergi á sér hof,  
ekki hálmstrá, og varla sinn grunn.  
Vel og gott — ef þú heyrir þitt lifandi lof  
gegnum lævirkjans síunga munn!

Ó, það dýrðlega duft hér í gröfunum geymt.  
En þó grípur mig nístandi þrá;  
því hvað megna þeir stóru? Eg get ekki gleymt,  
hversu grátlegt er lífið að sjá!

Eins og blómstrin á vorin um gróanda grund,  
eins það glóir mót hækkanði sól;